

MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL

2424-093-MIN-002-V01

DAGS.

12.08.2019

SENDANDI

Andri Rafn Yeoman

VERKHEITI

Tenging Hnoðraholtsbrautar í Hnoðraholti við Arnarnesveg – drög að umsögn vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu

VERKKAUPI

Garðabær

DREIFING

Arinbjörn Vilhjálmsson
Sólveig Helga Jóhannsdóttir

MÁLEFNI

Tillaga að umsögn Garðabæjar vegna tilkynningar til ákvörðunar um matsskyldu fyrir tengingu Hnoðraholtsbrautar í Hnoðraholti við Arnarnesveg

Efni bréfs: Umsögn tengingu Hnoðraholtsbrautar í Hnoðraholti við Arnarnesveg

Garðabæ barst þann 25. júlí sl. bréf þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn vegna fyrirhugaðra framkvæmda við tengingu Hnoðraholtsbrautar í Hnoðraholti við Arnarnesveg og mati á því hvort ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Forsendur framkvæmdarinnar eru að auka tengingu vegsamgangna á Hnoðraholti og í næsta nágrenni. Mun það nýtast m.a. á framkvæmdatíma uppbyggingar sem þar er áætluð á næstu árum til þess að þjóna íbúum svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir gegnumakstri þungflutninga á vegkaflanum. Auk þess mun vegtengingin nýtast til frambúðar og anna þeirri umferðaaukningu sem áætluð er að verði. Unnið er að skipulagsáætlunum fyrir svæðið, bæði rammahluta aðalskipulags og nýju deiliskipulagi. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið (frá árinu 1996) þar sem gert er ráð fyrir tengingu Hnoðraholtsbrautar og Arnarnesvegar. Í Hnoðraholti mun rísa íbúðarhverfi og í Vetrarmýri blönduð byggð sem inniheldur m.a. grunnskóla og íþróttastöð. Framkvæmdir við fjölnota íþróttahús eru þegar hafnar. Er því tenging Hnoðraholtsbrautar í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og mun að sama skapi verða í samræmi við þær sem unnið er að. Þó má benda á að útfærsluatriði eru ekki í fullkomnu samræmi við gildandi deiliskipulag (frá árinu 1996), s.s. nákvæm lega á ákveðnum köflum og tenging við Arnarnesveg. eru frávikin talin óveruleg og koma til vegna frekari hönnunar á þessum kafla.

Í dag er holtið að mestu lítt eða ósnortið. Þar er t.d. að finna herminjar og á holtinu eru nokkrar slóðir sem sýna ummerki um rask af mannavöldum. Tekið verður tillit til minja vegna framkvæmda, skv. greinargerðinni. Á holtinu er aðallega að finna alaskalúpínu en næst núverandi Hnoðraholtsbraut er að finna trjágróður sem ræktaður hefur verið af skógrækt Garðabæjar. Ekki er talið að sérstætt fuglalíf sé á holtinu. Í tilkynningunni kemur fram að haft verður samráð við Skógræktina vegna rasks á gróðri. Í suðvestur hluta holtsins næst Reykjanesbrautinni er að finna um 5 ha íbúðabyggð sem reist var á 9. áratugnum. Þar eru 44 einbýlishús sem standa við þrjár götur.

Í erindi Skipulagsstofnunar er þess óskað að umsögn taki á því hvort forsendur framkvæmdar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum m.t.t. 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Þar kemur fram að meta eigi framkvæmdina út frá eðli, staðsetningu og eiginleikum hugsanlegra áhrifa hennar.

Eðli framkvæmdar. Lengd tengingarinnar er stutt eða um 500 metrar og breidd áhrifsvæðis metið 10-12 metrar. Er því framkvæmdin ekki umfangsmikil. Markmið framkvæmdarinnar felst í að mæta þörfum bæjarins/bæjarbúa um aukna samgöngutengingar, auk þess sem tengingin mun koma sér vel á meðan uppbygging á sér stað í Vetrarmýri og Hnoðraholti. Því hefur framkvæmdin jákvæð áhrif m.t.t. umferðar innan bæjarins. Úrgangsmyndun, nýting auðlinda, mengun og ónæði er talið óverulegt vegna framkvæmda.

Staðsetning framkvæmdar. Bent hefur verið á að svæðið hefur litla sérstöðu m.t.t. gróðurfars og fuglalífs. Þó þarf að taka tillit til skógræktar sem þar hefur farið fram. Svæðið er að hluta til raskað og mótað af mannavöldum. Svæðið er staðsett við hefðbundið borgarumhverfi höfuðborgarsvæðisins og fellur því vegtengingin vel að því. Að auki hefur tengingin staðið til í lengri tíma, sbr. gildandi skipulagsáætlanir. Staðsetning framkvæmdarinnar ekki talin hafa í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar. Gert hefur verið grein fyrir helstu umhverfisþáttum sem geta orðið fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar í tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu. Heilt yfir er sú umfjöllun talin fullnægjandi og færir hún rök fyrir því að ekki verði umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar.

Skipulagsnefnd hefur farið yfir umsögnina og kom eftirfarandi fram í bókun nefndarinnar:

„Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við tillögu að umsögn en leggur til að fram komi í umsögninni að á framkvæmdatíma uppbyggingar í Hnoðraholti og Vetrarmýri verði vegurinn ekki nýttur til gegnumaksturs fyrir þungaflutninga frá framkvæmdarsvæðum heldur til að þjónusta íbúðarbyggð sem fyrir er.

Samkvæmt drögum að tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi norðurhluta Hnoðraholtis er gert ráð fyrir því að Hnoðraholtisbraut færir austur og sunnar en núverandi Hnoðraholtisbraut og að svæðið sem myndast þar á milli verði m.a. nýtt til hljóðvarna.“

Út frá ofangreindum atriðum er ekki gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Lögð er áhersla á, líkt og fram kemur í fyrirspurninni, að sækja þarf um framkvæmdarleyfi til sveitarfélagsins áður en framkvæmdir hefjast. Ekki er hægt að veita framkvæmdarleyfi fyrr en fyrirspurnarferli hefur verið lokið. Bent er á að við umsókn framkvæmdaleyfis þurfa að liggja fyrir ákveðin gögn og samþykktir. Ekki er talin þörf á að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða eða vöktunar vegna framkvæmdarinnar. Þó er lögð áhersla á mikilvægi þeirra atriða er stuðla að því að lágmarka umhverfisáhrif við hönnun, framkvæmd og rekstur Hnoðraholtisbrautar sem fjallað er um í greinargerðinni.